

**Alsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík**

11. mars 2020

Efni: Vegna umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til breytinga á grunnskólalögum nr. 91/2008 (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla).

Á öllum skólastigum fyrir utan grunnskóla hefur náðst samkomulag um að greiða sjálfstætt starfandi aðilum sambærilega upphæð og kostar ríki eða sveitarfélag að sjá um þá þjónustu. Viðmiðið er að jafnræði sé í hávegum haft og sama sé greitt með hverjum nemenda óháð rekstrarformi. Þetta á því við um leikskólastigið, framhaldsskólann og háskólann.

Núverandi útfærsla fyrir sjálfstætt starfandi grunnskóla er flókin, ógegnsæ og ósanngjörn sem hefur leitt til óþarfa togstreitu. Þetta sýnir sig vel þegar Samband íslenskra sveitarfélaga sendir inn útreikninga byggða á röngum forsendum til nefndarinnar, eins og kemur fram í rökstuðningi síðar í bréfinu, sem við sjáum okkur knúin til að mótmæla harðlega

Rekstrarkostnaður á nemenda í grunnskólum

Hagstofa Íslands hefur það hlutverk skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 að áætla mánaðarlega árlegan meðal-rekstrarkostnað á hvern nemanda í öllum grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum. SSSK hefur margoft kallað eftir gegnsæi varðandi þessa útreikninga og hvernig framreikningi er háttað án þess að svör hafi fengist.

Sem dæmi má nefna að þegar launahækkanir hafa átt sér stað, sem augljóslega hafa áhrif á rekstrarkostnað, hafa þær ekki sést út útreikningum Hagstofu sem verður að setja spurningamerki við.

Þegar Hagstofan reiknar framlag til sjálfstætt starfandi skóla er þeim uppálagt samkvæmt lögum að vera eins nálægt raunverulegum kostnaði á þeim tíma hjá skólum reknum af sveitarfélagi og hægt er og jafnframt styðjast við nýjustu ársreikninga og framreikna þá miðað við verðlagsþróun og kjarasamningsbundnar hækkanir. Þannig á framlagið á hverjum tíma að endurspegla þann kostnað sem á sér stað fyrir þann mánuð í grunnskólum landsins. Í mars 2020 er framlagið hugsað til að endurspegla kostnað fyrir þann mánuð í rekstri skólanna.

Í töflu 1 eru notaðar tölur frá árinu 2018 en það eru einu tölurnar sem eru í raun samanburðarhæfar. Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út yfirlit yfir rekstrarkostnað skóla á landinu sem hægt er að nálgast hér <https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/grunnskoli/>

Samkvæmt þeim gögnum þá liggur fyrir kostnaður í einstökum sveitarfélögum. Einnig má sjá í töflunni að raunverulegt framlag til sjálfstætt starfandi skóla er 1.373.583 (meðaltal fyrir mánuðina jan-des 2018), í töflunni er einnig dreginn fram raunverulegur rekstrarkostnaður í þremur sveitarfélögum fyrir sama ár. Niðurstaðan sýnir hversu gríðarlega ósanngjarn það er gagnvart nemendum okkar í Reykjavík að framlagið sé um **460 þúsund** krónum lægra til sjálfstætt starfandi skóla á nemenda. Hafnarfjörður greiðir um **380 þúsund** lægra þegar viðmiðið er 75%. Allir sem vilja tryggja jafnrétti sjá að þetta verður að laga. Það er ljóst að sjálfstætt starfandi skólar hafa sparað sveitarfélögum mikla fjármuni sem hefur bitnað á heilbrigðum rekstri skólanna.

Átta mig ekki alveg á hvers vegna tölurnar 2018 séu þær einu sem eru samanburðarhæfar út frá þessum texta.

Tafla 1

Árið 2018	Samkvæmt ársreikningi	Raunverulegt framlag til SSSK	Mismunur
Reykjavík	1.831.445	1.373.583	-458.945
Garðabær	1.715.298	1.715.298	0
Hafnarfjörður	1.752.479	1.373.583	-379.979

Í töflu 2 má sjá að jafnvel þó framlagið fyrir árið 2018 hefði verið 90% þá hefði það ekki náð þeim kostnaði sem hvert barn kostar í því sveitarfélagi. Sjálfstætt starfandi skólar eru því ekki byrði nema síður sé. Sjálfstætt starfandi skólar bjóða upp á ýmsa valkosti og annars konar nálgun og áherslur sem mæta betur þörfum margra barna. Það er mikilvægt að ýta undir þróun og nýsköpun í menntun. Tilvera sjálfstætt rekinna skóla eykur breidd og eflir frumkvæði.

Ef stjórnvöld styðja fjölbreytni í skólastarfi er afar brýnt að sjálfstæðir skólar fái þessa leiðréttingu.

Tafla 2

Árið 2018	Samkvæmt ársreikningi	Ef framlag til SSSK væri 90%	Mismunur
Reykjavík	1.831.445	1.699.760	-131.684
Garðabær*	1.715.298	1.715.298	0
Hafnarfjörður	1.746.141	1.699.760	-46.381

*Sérstakur samningur við Garðabæ sem byggir á að borga sama til sjálfsætt starfandi og í þeirra eigin skólum

Útreikningar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga til nefndarinnar kemur fram tafla með útreikningum á 90% framlagi sem má sjá hér að neðan, en

þar er alvarleg villa sem mikilvægt er að leiðrétta. Í útreikningi eru notuð gögn fyrir árið 2018 úr ársreikningi sveitarfélaga sem Samband íslenskra sveitarfélaga tekur saman. Hér eru þrjú sveitarfélög sérstaklega tekin fyrir en það eru, Mosfellsbær, Kópavogur og Garðabær. Hér má finna gögnin sem SÍS styðst við í þessum útreikningum fyrir hvert sveitarfélag:

<https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/grunnskoli/>

Það sem skekkir niðurstöðuna úr töflu 3 frá SÍS er að notaðar eru rangar forsendur sem **viðmið Hagstofunnar**. Þetta snýr að því að vegna einhvers misskilnings er stuðst við útreikninga Hagstofu fyrir árið 2019 en ekki árið 2018. Þar sem notaðar eru tölur fyrir rekstur sveitafélaga fyrir 2018 þá er mikilvægt að nota tölu frá Hagstofunni fyrir sama tímabil.

Þannig þá liggur því fyrir að upphæðin sem sjálfstætt starfandi skólar fengu í sinn hlut fyrir árið 2018 er **1.833.451** en **ekki 1.931.094** eins og SÍS byggir á í sínum útreikningum. Þetta geta allir sem vilja sjá á heimasíðu Hagstofunnar til frekari glöggvunar. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahaqur/Efnahaqur_fiaropinber_fiarmal_fraedsla/THJ05636B.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2aca757c-dd17-4b44-9366-6087e05c410d

Mikilvægt er að taka hvern og einn mánuð fyrir árið 2018 til að sjá niðurstöðuna fyrir allt árið. Sú tala er 1.833.451 kr.- og síðan er greitt 75% af þeirri tölu.

Tafla 3: Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

	Meðalkostnaður			Munur
	á nem.	Verðlagsbr.(3.8%)	90% viðmið	
Viðmið Hagstofu	1.931.094	2.000.768	1.800.691	
Mosfellsbær	1.511.000	1.569.410	1.800.691	231.281
Kópavogsbær	1.700.000	1.765.716	1.800.691	34.975
Garðabær	1.715.000	1.781.296	1.800.691	19.395

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

2018	Meðalkostnaður á nem	Verðlagsbr. (3.8%)	90% viðmið	
Viðmið Hagstofu	1.833.451	1.903.122	1.712.809	
Mosfellsbær	1.511.000	1.569.410	1.712.809	143.399
Kópavogsbær	1.700.000	1.765.716	1.712.809	-52.907
Garðabær	1.715.00	1.781.296	1.712.809	-68.487

Eins og komið hefur fram á er samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands meðaltalsrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum árið 2018 1.833.451 krónur, ekki 1.931.094 líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga heldur fram. Þetta er hægt að sannreyna á heimasíðu Hagstofunnar.


Mikilvægt er að Alþingi Íslanda átti sig á hver hugsunin er þ.e. að Hagstofan framreiknar tölur 2 ár fram í tímann. Í dag er stuðst við ársreikninga frá 2018 til að áætla kostnað núna fyrir 2020.

Nýsköpun

Allt frá upphafi reksturs grunnskóla hér á landi hafa verið sjálfstætt starfandi skólar samhliða skólunum sem hafa ýmist verið reknir af ríki eða sveitarfélögum. Óhætt er að segja að allir þeir sjálfstætt starfandi skólar sem eru starfandi á þessu skólastigi hafa komið með mikilvægar nýjungar inn í skólastarfið og því verið hvað fremstir í flokki í þróun og nýsköpun. Alls staðar í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við er boðið upp á meira og fjölbreyttara val við menntun barna. Hér á landi er aðeins um 3% af börnum í grunnskólum í sjálfstætt starfandi skólum. Á sama tíma er óhætt að fullyrða að grunnskólastigið hafi legið undir hvað mestu ámæli af öllum skólastigum hér á landi varðandi gæði, markmið og sýn til lengri tíma. Hér nægir að vísa í stöðu Íslands í Pisa-könnunum sem og starfsumhverfi kennara.

Íslenska ríkið getur við stolt af því að samþykkja lög og reglur sem eru sanngjörn og auka jafnrétti allra. Þetta er mikilvæg fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka. Á sama tíma og sanngjarnt framlag fæst frá sveitarfélagi opnast leiðir til að auka jafnræði allra.

F.h. Samtaka sjálfstætt starfandi skóla

A handwritten signature in black ink that reads "Sara Dögg". The signature is written in a cursive, flowing style.

Sara Dögg Svanhildardóttir, formaður